

# Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050

## Skipulagslýsing og opnir fundir

Hafin er vinna að tillögu að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði með aðild allra sveitarfélaganna átta á Vestfjörðum.

Svæðisskipulag mun marka meginstefnu og framtíðarsýn í sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Það á að draga fram þætti sem efla samfélagið á Vestfjörðum með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi.

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða hefur hafið kynningu á skipulagslýsingu sem er verkefnislýsing fyrir vinnslu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Verkefnislýsingin gerir grein fyrir tildrögum og forsendum skipulagsvinnunar, viðfangsefnum skipulagstillögu og umhverfismati hennar ásamt áföngum skipulagsvinnunar og samráði.

Skipulagslýsingin er aðgengileg í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á slóðinni: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/603>

Opið er fyrir athugasemdir um skipulagslýsinguna til 26. júní 2024 og er hægt að koma umsögnum á framfæri í skipulagsgáttinni.

Jafnframt er vakin athygli á opnum íbúafundum í þessari viku þar sem þátttakendum gefst kostur á að koma að mótun svæðisskipulags. Íbúafundirnir verða milli kl. **16:30 og 18:30** á eftirtöldum stöðum:

---

*27. maí – Félagsheimilinu á Patreksfirði.*

*29. maí – Edinborgarhúsinu á Ísafirði.*

*30. maí – Félagsheimilinu á Hólmavík.*

*30. maí – Reykhólaskóla á Reykhólum.*

---

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða.